

Lindarfiskur ehf.
Sigtúni 6
870 Vík

Egilsstaðir, 14. desember 2022
UST202202-418/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27.10.2022 – fiskeldisstöð Lindarfisks ehf.

Þann 27. október sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Lindarfisks, Botnum í Meðallandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. Rekstraraðila er bent á að fara yfir hvað á að koma fram í ársyfirliti sem ber að skila Umhverfisstofnun, skv. gr. 4.4 í starfsleyfi.
2. Fara þarf yfir útreikninga á losun mengandi efna og tryggja að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun
3. Fylla þarf í skarð á settjörn til að tryggja sem besta hreinsun á frárennslinu.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 og 4.3 í starfsleyfi. Reikna skal losun fosfórs út frá innihaldi fódurs og upptöku næringarefna og má hún ekki vera meiri en 9,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Samkvæmt útreikningum UST var losunin að lágmarki 11,5 kg/tonn af framleiddum fiski.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi og 11. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi, sem skila á fyrir 1. maí ár hvert var ekki skilað á tilskildum tíma.
Grænt bókhald Lindarfisks barst Umhverfisstofnun þann 6. júlí sl. og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki nr. 1 hér að framan, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur